

Fundargerð

Foreldrafélags leikskólans í Austurkór

Fundarstaður: Ara Bar

Fundardagsetning: 25.10.22

Fundartími: 20:00-21:30

Fundarritari: Magnea Ýr Gylfadóttir

Mættir:

Magnea Ýr Gylfadóttir, Halla Kari Hjaltsted, Kolbrún Ásta Bjarnadóttir og Ruta Pakalke

Dagskrá:

1. Dagur myrkurs
2. Jólabball
3. Greiðsluseðlar
4. Önnur mál
 - Facebook grúppur
 - Kynningardagur 2.nóv
 - Miðar til að setja í hólfi
 - Pop Up Partí

Efni fundarins og helstu niðurstöður:

1. Dagur myrkurs er 21.desember og þarf að redda heitu kakói og piparkökum. Einnig að redda hátölurum til að spila jólatónlist.
2. Jólabballið er 9.desember. Það þarf að redda jólasvein, Kolla ætlaði að skoða það. Einnig ætlaði Kolla að athuga hvað leiksólinn ætti af jóladóti. Þæling var að biðja foreldra að athuga hvort þau ættu jóladót til að gefa leikskólanum (t.d. séríur). Það þarf að finna jólagjafir handa kennurum og ákveða hvaða dag gjafirnar yrðu gefnar.
3. Senda út greiðsluseðla. Ruta fer í það.
4. Önnur mál;
 - Kolla bjó til þrjár grúppur fyrir hvern gang sem foreldrar barna á þeim gangi geta skráð sig í. Þar er hægt að hafa samband við foreldra ef barn vill t.d. bjóða í afmæli. Grúppurnar heita; Blái gangur (Sjónarhóll&Esja). Guli gangur (Askja&Dyngja). Rauði gangur (Perla).

-Ákveðið var að halda kynningardag 2.nóvember þar sem foreldrafélagið ætlar að mæta 15:30-16:30 þegar foreldrar eru að sækja börnin sín og kynna starfið. Fá þau til að skrá sig í grúppurnar og borga greiðsluseðlana. Magnea ætlar að sjá um þann viðburð. Það þarf að redda kaffi, djús og kex ef leikskólinn er tilbúin að bjóða.

-Ákveðið var að búa til miða með ýmsum upplýsingum með dagur myrkurs, jólabballinu og jólaskreytingum. Facebook grúppunni og greiðsluseðlana. Annaðhvort setja miðana í hólfi hjá hverju barni eða gefa á kynningardegnum 2.nóv.

-Halla kom með hugmynd af Pop Up Partíi þar sem tveir foreldra koma saman með eitthvað skemmtilegt að gera fyrir börnin á leiksólanum. Hugmyndirnar voru, dans, jóga, fimleikar, snjódag, útileikir og baka. En hægt er að útfæra þetta á þann hátt eins og foreldrar vilja sem taka þátt í Pop Up Partíinu.